

Skólaráðsfundur þann 29. febr. kl. 15.00 -16.00.

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Jóhannes Páll fulltrúi nemanda Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sigurborg kennari, Sveindís formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari. Helga Veronika, Hreindís og Sara boðuðu forföll. Ekki var vitað um fjarveru Magnúsar G.

Skólastjóri bauð alla velkomna til fimmta fundar skólaráðsins.

Marsibil spurðist fyrir um hringborð, en foreldrafélagið hefur gefið okkur eitt sem smíðað var hjá VHE. Helga Veronika er með þetta mál í athugun að sögn Sveindísar.

Farið var yfir skóladagatalið.

Settur var inn aðalfundur foreldrafélagsins þann 15. september. Sigurborg lagði til að gerð væri könnun á meðal foreldra um vetrarleyfið í skólum Hafnarfjarðar. Þessi leyfi er stundum erfitt að nýta, því annað foreldrið eða bæði geta verið bundin í vinnu og eiga því erfitt með að nýta þessi leyfi til hagsbóta fyrir börnin sín. Nokkrar umræður spunnust um þetta allt, samanburður við næsta sveitafélag okkar Garðabæ, þar sem vetrarleyfið er samfellt í eina viku og fleira var rætt þessu viðvíkjandi. Að lokum var skóladagatalið samþykkt.

Skólastjóri vill að helstu dagsetningar fyrir skólaárið 2017-2018 verði settar niður á skóladagatal 2017-2018 núna í vor sem gæti verið til hagsbóta fyrir skólasamfélagið. Drög að skóladagatali 2017-2018 eru þegar komin á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rætt var um breytingu á samræmdum könnunarprófum. Felld hafa verið niður samræmd próf í 10. bekk en í staðinn eru tekin upp samræmd könnunarpróf í lok skólaárs hjá 9. bekk.

Sveindís sagði að vesti hefðu komið fyrir þá foreldra sem taka þátt í foreldraröltinu. Það er rólegt yfir röltinu núna og reyndar er stundum erfitt að fá fólk til að taka þátt. Það þarf að rífa þessa starfsemi upp og lagði Sveindís áherslu á að fólk sé vakandi fyrir hverfinu sínu. Marsibil mun hafa samband við Hafstein varðandi þessi mál.

Næsti fundur var ákveðinn þann 4. apríl kl. 15.00.

Fundi slitið.

Samantekt: Marsibil.